


Hotpoint®



UPPVOTTAVÉL (SLIM LINE) Model 7800


7 manna matarstell, 3 þvotta-kerfi. Hæð 85 cm - breidd 45 cm - dýpt 60 cm.
Verð kr. 56.772.- stgr.

Raftæki



HEKLA
LAUGAVEGI 174
S. 695500/695550

Höfðar til fólks í öllum starfsgreinum!
Morgunblaðið



Birgir Andrésón fyrir framan myndröðina „Annars vegar fólk“

NÁLÆGÐ

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Í austursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning frá hendi Birgis Andrésónar, sem hann hefur gefið yfirskriftina „Nálægð, og undirtitlana „Ímyndir, Litir, Fólk. Sýningin skiptist þannig í þrjá þætti, sem þó veða misjafnlega í þeirri heildarmynd sem hér kemur fram.

Birgir hefur um nokkurra ára skeið unnið með þá þætti, sem hér koma fram sem „Ímyndir. Hér er um að ræða miklar stækkanir á frímerkjum frá Alþingishátíðarárinu 1930, sem listamaðurinn hefur fært

yfir á plastflimur og handmálað, eða prentað á álplötur. Þessir hversdagslegu smáhlutir taka á sig algjörlega nýja mynd þegar þeir eru stækkaðar á þennan hátt. Frímerki kunna við fyrstu sýn að virðast ósköp ómerkileg fyrirbæri, sem fólk handfjarlar daglega án þess að veita þeim nokkra athygli, en við nánari umhugsun kemur í ljós að hér er meira á ferðinni. Hver þjóð setur metnað sinn í að frímerki, sem eru fyrstu ímyndir landsins til að berast víða um heim, gefi jákvæða mynd af landi og þjóð, og velja því efni á frímerkin í samræmi við það. Á fyrri hluta aldarinnar, t.d. um 1930, voru Íslendingar að stíga sín fyrstu skref inn í samfé-

lag þjóðanna á nýjum tímum; bændaþjóðfélagið var að breytast, iðnaður, fiskveiðar og verslun að taka við sem aðalatvinnuvegir þjóðarinnar og undirstaðan undir framsókn til betra lífs í framtíðinni.

Í ljósi þessa er áhugavert að sjá hvaða mynd Íslendingar vildu gefa öðrum þjóðum af sjálfum sér á þessum tíma. Af frímerkjum sem Birgir hefur valið til úrvinnslu hér má ráða að þeir kusu að njóta helst athygli fyrir ímynd landsins og fortíð þjóðarinnar. Leturgerð merkjanna er fengin úr fornum útskurði, og landakort-ið á krónumerkinu er fornlegt, á meðan svipir landsins á öðrum merkjum eru óljósir og draumkenndir. Þannig virðist hjúpur fornrar frægðar og dulúðar hvíla yfir landinu í þeirri ímynd, sem haldið var fram. Listamaðurinn hefur hér gert stækkaðar eftirmyndir af draumum, ef svo má segja, því auðvitað á þessi ímynd ekki við rök að styðjast — eða hvað? Hver var raunveruleikinn og hvar byrjaði draumurinn? Eftirmynd drauma getur nefnilega oft gert þá ímynd sem þeir gefa mikilvægari en ímynd raunveruleikans verður nokkurn tíma.

Einn hluti sýningar Birgis kann að fara framhá mörgum, en sá nefnist „Litir“. Þennan hluta er ekki að finna á veggjum sýningarsalarins, heldur í skrá sem liggur frammi. Í inngangi hennar segir listamaðurinn: „Hér eru tólf sýnishorn af litum íslenskrar menningar. Þau eru ekki

unnin út frá litum úr náttúrulegum efnasamböndum, svo sem jurtum eða jarðefnum, Heldur úr þeim litbrigðum sem mér hafa sýnst mest áberandi í sköpunarverkum þjóðarinnar í gegnum aldirnar.

Hugmyndin er góð; þeir litir sem Birgir velur í þessum tilgangi eru samsettir, og bera allir nafnið „Íslenskur“. Sköpunarverk þjóðarinnar í gegnum aldirnar eru jafn misjöfn og þau eru margvísleg, en það vekur athygli að þar er engan hreinan lit að finna að mati listamannsins; jafnvel sá bjartasti (magneta 11,5%, yellow 94%, black 6%) heldur aftur af birtunni, situr á sér. Hins vegar eru dýpstu litirnir þannig settir saman, að augu áhorfandans taka ósjálfrátt að mynda form lands og lagar í fletinum — þeir minna það vel á raunveruleikann.

„Annars vegar fólk“ er mest gripandi þáttur sýningarinnar og mest áberandi. Einföld uppröðun myndanna gerir það að verkum að þær styrkja hver aðra; misjöfn myndgæði verða einungis til þess að færa fólk-ið nær raunveruleikanum. Í inngangi að þessum hluta sýningarinnar segir listamaðurinn m.a. eftirfarandi:


„Að vera venjulegur, krefst þess einungis að farið sé eftir settum reglum þess ástands sem varir hverju sinni. Sá sem fetar ótroðnar slóðir og stíkar utan vega þeirra kortagerðamanna er skrásetja vilja og skipuleggja með lögbundnu valdi „skynseminnar“ gerðir fólks, er undarlegt fyrirbæri í augum fjöldsins. Myndröðin „Annars vegar fólk“ samanstendur af þess konar manneskjum er í samtíma sínum taldist til þess síðar nefnda.

Birgir nær að setja þessar myndir í það samhengi sem þarf til að fólk-ið á þeim sé ekki skoðað sem furðufyrirbæri, fáráðlingar og þaðan af verra; þetta eru einstaklingar sem gengu aðrar brautir en almenningur, en eiga fulla virðingu skilda sem hluti þess menningararfs, sem við búum að. Það er t.d. erfitt að horfa í augu Jóns söðla, stuttu Siggu og Auðuns skökuls I. af Íslandi án þess að langa að kynnast sögu þessa fólks betur, og þar með eigin þjóðarsögu.

Þrátt fyrir ólíka þætti er þessi sýning mjög heildstæð og stendur nálægt okkur, og gefur gestum þannig drjúgt tilefni til hugrenninga um sjálfa sig og sinn menningararf. Og þar sem það er vissulega einn megintilgangur allrar listar og vekja fólk til umhugsunar, má segja að hér vinni Birgir Andrésón ákveðinn sigur fyrir hönd myndlistarinnar.

Sýningu Birgis Andrésónar í austursal Kjarvalsstaða lýkur sunnudaginn 15. september.

2 TVÆR Í EINNI



FRANSKAR  DÚNÚLPUR

BRAMBILLA

Frönsku BRAMBILLA úlpurnar eru ekta dúnúlpur, hlýjar, og fallegar. BRAMBILLA dúnúlpurnar eru vendiúlpur. Því færð þú í raun tvær dúnúlpur á verði einnar. BRAMBILLA dúnúlpurnar eru til í öllum stærðum, jafnt á börn og fulloröna. Nýju BRAMBILLA vendi-dúnúlpurnar kosta 12.900 krónur í fullorðinsstærðum.

BRAMBILLA dúnúlpur — töff báðum megin

ÚTILÍF Glæsibæ
Sími 91-812922

Brids

Arnór
Ragnarsson

Jöklamót Bridsfélags
Hornafjarðar

Opinn tvímenningur verður haldinn á Hótel Höfn helgina 20.-21. september 1991. Mótið hefst kl. 20 á föstudaginn og er áætlað að því ljúki um kl. 19 laugardaginn 21. september næstkomandi. Fern pen-

ingaverðlaun verða veitt og spilað verður um silfurstig.

1. Verðlaun: Peningaverðlaun kr. 60.000 og jöklaferð fyrir fjóra að verðmæti kr. 30.000 eða samtals kr. 90.000.

2. Verðlaun: Peningaverðlaun kr. 40.000.

3. Verðlaun: Peningaverðlaun kr. 30.000.

4. Verðlaun: Peningaverðlaun kr. 6.000.

Parafjöldi takmarkast við 40 þör og hægt er að skrá sig til fimmtudags 19. september hjá: Hótel Höfn, sími 97-81240.

BSÍ (Elín), sími 91-689360. Sigurpáll, sími 97-81268 eða 97-81200 (vinnusími).

Keppnisgjald er kr. 6.000 á parið og er kaffi innifalið í því meðan á móti stendur. Þá mun bæjarstjórn Hafnar bjóða spilurum í kaffisamsæti á laugardaginn.

Að auki er boðið uppá: Flugfar með Flugleiðum REK-HFN-REK kr. 7.950 á mann. Flogið á föstudegi frá Reykjavík og sunnudegi frá Höfn. Gisting á Hótel Höfn; ein nótt með morgunverði kr. 2.700 og tvær nætur kr. 5.000 á mann.

Formaður B.H. er Sigurpáll Ingimarsson.

— JGG

...JÁ NÚ SKIL ÉG



TUNGUMÁLA TÖLVAN
HEXAGLOT

ERT ÞÚ AD FARA Í FERDALAG EÐA Í TUNGUMÁLANAM?

- ISLENSKA, DANSKA, ENSKA, FRANSKA, ÞÝSKA, SPÆNSKA
- ALLT Í SÖMU TÖLVUNNI
- YFIR 3000 ORD OG ORDA-SAMBÖND Á HVERJU HINNA SEX TUNGUMÁLA SEM TÖLVAN BYR YFIR

FÆST UM LAND ALLT

Þú svarar lestrarþörf dagsins á síðum Moggans!

